

**Tillaga að framtíðarstefnumörkun íþróttamála í Skagafirði****Tillagan hljóðar svona:**

„102. ársþing UMSS haldið í Hús frítímans þann 12. mars 2022, hvetur Sveitarfélag Skagafjarðar að setja á stað vinnu í samvinnu við UMSS varðandi framtíðarstefnumörkun í íþróttamálum í Sveitarfélaginu Skagafirði og í framhaldi á því að hraða uppbyggingu íþróttamannvirkja í sveitarfélaginu.“

Greinagerð:

Í tillögunni er lagt til að mörkuð verði stefna fyrir íþróttamál í Sveitarfélagi Skagafjarðar til ársins 2030. Engin núverandi stefna er í gangi. Meðal þess sem verði fjallað um verði að jafna möguleika áhugasams ungs fólks til íþróttabátttöku, óháð efnahag eða öðrum þáttum, leiðir til að stuðla að aukinni og reglulegri hreyfingu íbúa sveitarfélagsins og hlutverk íþróttafélaganna í að stuðla að almennri hreyfingu íbúa, ekki síst þeirra sem komnir eru á efri ár. Lagt verði mat á rekstrarumhverfi og rekstur íþróttahreyfingarinnar, aðstöðumál og sett fram stefna og framtíðarsýn hvað þessa þætti varðar. Í upphafi vinnunnar verði framkvæmt stöðumat sem meðal annars feli í sér eftirfarandi atriði:

- i) Yfirlit um þátttöku í æfingum og starfsemi íþróttafélaga, brotið niður eftir aðildarfélögum UMSS, aðsókn í sund og aðra heilsurækt og framboð af íþróttum og hreyfingu í Sveitarfélaginu. Jafnframt verði veitt heildar yfirlit um stuðning við börn og ungmenni í gegnum frístundarstyrk og stuðning velferðarsviðs og eldri borgara og öryrkja í gegnum ókeypis aðgang að sundlaugum og niðurgreiðslu á annarri hreyfingu.
- ii) Rekstrarúttekt á íþróttafélögum og fjárhagslegu umhverfi þeirra félaga sem njóta styrkja frá Sveitarfélaginu.
- iii) Yfirlit um fjárfestingu í núverandi íþróttamannvirkjum, völlum og aðstöðu, þ.m.t. fasteignir, lönd og lóðir, sundlaugar, golfvelli, aðstöðu hestaíþróttarinnar, samgöngu- og útivistarstíga, íþróttahús við skóla og battavelli á skólalóðum.

Unnar verði tillögur að framtíðarsýn og aðgerðaáætlun út frá lykilmarkmiðum um að jafna aðstöðu til þátttöku, mikilvægi hreyfingar fyrir alla aldurshópa og um öflugt íþróttastarf um allt Sveitarfélagið. Í skilagrein verði meðal annars fjallað um áætlun um uppbyggingu íþróttamannvirkja, stefnumótun Sveitarfélagsins og félaganna, rekstrarmál íþróttafélaga, þjónustu og starfsemi félaganna og rekstur íþróttamannvirkja Sveitarfélagsins. Einnig verði mörkuð stefna varðandi stuðning Sveitarfélagsins í gegnum frístundarstyrki, stuðning við almenningsíþróttir, afreksíþróttir, lið og afnot þeirra af íþróttamannvirkjum Sveitarfélagsins. Áfangaskýrslu skal skilað um nokkur lykilatriði, svo sem mannvirkjamál og rekstrarmál fyrir 1. maí 2023.